



Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi

drög að skýrslu



Guðný Zoëga / Þór Hjaltalín

september 2003

2003/18

Neyðarrannsókn í Keldudal í Hegranesi 2002

Þann 22. ágúst 2002 tilkynnti Þórarinn Leifsson, bóndi í Keldudal, minjaverði Norðurlands vestra um mannabeinafund í Keldudal. Komu beinin í ljós þegar verið var að grafa grunn að nýju ferðabjónustuhúsi. Frekari framkvæmdum var frestað og fór minjavörður á vettvang daginn eftir og kannaði aðstæður. Grunnurinn hafði verið tekinn vestan inn í bæjarhól í Keldudal, í aflíðandi brekku og var dýptin um þrír metrar þar sem hún var mest. Búið var að taka fyrir húsgrunninum að mestu og grafa niður í náttúruleg óhreyfð lög. Þórarinn varð var við beinin þar í botninum og mótaði svolítið fyrir niðurgreftri þar. Þá höfðu þrjár hauskúpur og mörg önnur bein komið upp. Allt var þetta hreyft og fært úr stað og búið að safna beinunum saman í kassa. Moldarhrúgan úr uppgreftrinum var könnuð nánar og fundust þar fleiri bein og önnur hauskúpa. Engar ritaðar heimildir eru um kirkju eða kirkjugarð í Keldudal. Það mátti því reikna með að hér væri um fornan garð að ræða eða jafnvel kumlateig, en gripir höfðu hins vegar ekki fundist við gröftinn. Ákveðið var að rannsaka staðinn nánar.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu 2002.

Rannsókn 2002

Þann 26. ágúst fór minjavörður Norðurlands vestra, Þór Hjaltalín, auk minjavarðar Norðurlands eystra, Sigurðar Bergsteinssonar, á vettvang til að kanna umfang og eðli minjanna. Við gröftinn hafði myndast mikið snið inn í bæjarhólinn og var byrjað á því að hreinsa og kanna syðra sniðið. Teikning var gerð af þriggja metra kafla. Brekkan er aflíðandi í vestur. Efstu 60-110 sm voru mjög rótað lag, blandað móösku og kolum. Þar undir var kolablandað móöskulag, um 60 sm austast, en þynntist þegar vestar dró í um 15 sm. Um 10-15 sm neðan við móöskulagið var dökk gosaska, sennilega úr Heklu 1300 og lá óslitin í sniðinu. Um 12-15 sm neðar var önnur gosaska, ljós að lit, og er sennilega úr Heklugosi 1104. Tekin voru gjóskusýni úr báðum þessum lögum. Í sniðinu mátti sjá hvar tekin hafði verið gröf og lá hún í austur-vestur og mótaði einnig fyrir gröfinni í plani, út frá sniðinu. Virtist vera um tvær grafir að ræða og voru viðarleifar við þær. Dýpt grafanna kom vel fram í sniðinu. Voru þær um 50 sm á dýpt og grafin lítið eitt niður í malarlagið. Hekla-1104 lagið lá í slitrum á yfirborði grafarinnar. Virtist fyrst sem stungið hefði verið í gegnum lagið er gröfin var tekin á sínum tíma, en við nánari athugun mátti ljóst vera að lagið hefur fallið skömmu eftir að gröfin var tekin. Skýringin á því að lagið verður slitrótt yfir gröfinni kann að vera sú að gjóskan hefur sígið meira niður í lausan jarðvegin yfir gröfinni. Niðurstaða minjavarðanna eftir athugun á sniðinu var sú að hér væri sennilega um kirkjugarð að ræða frá 11. öld. Þeir reyndu að átta sig á umfanginu eða dreifingunni. Breidd grunnsins, sem búið var að taka, var u.þ.b. 8 metrar, út í nyrðra sniðið. Við fyrstu athugun virtist allt það svæði hafa verið grafið í burtu. Grafinn var stuttur könnunarskurður í norður út frá nyrðra sniðinu og komu engin bein þar upp. Hins vegar var þar torfveggur og lá Hekla-1104 lagið óslitið þar ofanvið. Ljóst var að staðurinn þurfti frekari rannsóknar við. Gröf var við norðursniðið og voru beinin skilin eftir. Einnig stóðu grafir opnar við suðursniðið og var nauðsynlegt að rannsaka þær frekar eða að minnsta kosti að ganga vel frá þeim.

Dagana 23. september til 2. október 2002 fóru fram frekari fornleifarannsóknir á kirkjugarðinum í Hegranesi. Markmiðið var að fullkanna það svæði sem fyrir röskun yrði við fyrirhugaða nýbyggingu. Við rannsóknina unnu Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, Guðný Zoëga minjavörður Austurlands og beinafræðingur, Katrín

Gunnarsdóttir fornleifafræðingur hjá Byggðasafni Skagfirðinga og áðurnefndur Þór Hjaltalín. Hópurinn naut einnig mikillar aðstoðar heimafólks á staðnum. Við rannsóknina kom í ljós að grafirnar höfðu orðið fyrir minni skemmdum en ætlað var í upphafi, þar sem grafið hafði verið fyrir grunninum. Einnig varð að útvíkka svæðið lítillega til að fullklára grunninn.

Alls komu upp 34 beinagrindur við gröftinn og voru þær hreinsaðar næstu daga eftir vettvangsvinnuna og komið fyrir í geymslum á Hólum í Hjaltadal. Varðveisluskilyrði í kirkjugarðinum voru almennt mjög góð. Varðveisla flestra beinagrindanna var með ágætum og sést það best á því hve margrar heillegar beinagrindur ungbarna fundust við uppgröftinn. Flest líkanna höfðu verið grafin í kistum og fundust nokkrar viðarleifar í sumum grafanna. Auk þess fannst í einni grafanna ofinn klæðisbútur. Aðrir munir sem fundust voru nokkrir naglar úr líkkistunum.

Ljóst er að fljótlega eftir að kirkjugarðurinn lagðist af hefur verið farið að nota hluta hans undir ruslahaug, en í norðausturhluta garðsins var um tveggja metra þykkt ruslalog yfir gröfunum. Sums staðar virðist sem jarðvegur hafi verið fjarlægður úr garðinum þar sem ruslalagið liggur fast ofan á beinum í nokkrum grafanna.

Vélgrafan hafði fjarlægt mest allan jarðveg ofan af gröfunum, þannig að mjög grunnt var niður á sumar þeirra, stundum einungis um 5 sm. Þó var meiri jarðvegur við útveggi kirkjugarðsins til norðurs og suðurs og voru grafir, sérstaklega norðanmegin, allt að 60 sm að dýpt. Líklega hefur grafan einnig skemmt þær leifar sem eftir voru af kirkjubyggingu en við lok uppgrافتarins kom í ljós stoðarhola sem vera kann að sé úr kirkjunni.

Nokkuð af smíðagjalli kom einnig upp við framkvæmdirnar sem bendir til að smíðja hafi verið á sama stað eða nærri kirkjunni. Slíkt er ekki óþekkt en til dæmis má nefna að smíðjur hafa fundist á kirkjustöðum í Neðri-Ási, Hjaltadal og á Stöng í Þjórsárdal. Þar sem svæðið var of rótað var ekki hægt að ákvarða hvort smíðjan var í notkun fyrir eða eftir farið var að grafa í garðinn. Mikil móaska var yfir sumum grafanna, sérstaklega í austur- og suðurhluta kirkjugarðsins, sem kann að benda til að smíðjan hafi verið í notkun eftir að garðurinn var aflagður.

Almennt var varðveisla beina og kista góð, sem fyrr segir, en vélgrafan hafði raskað sumum grafanna þannig að einhver beinanna hafa ruglast saman auk þess sem líklegt er að grafan hafi verið búin að fjarlægja nokkrar grafir í heild sinni. Fjöldi beina, bæði úr fullorðnum og börnum, fundust í uppmokstri úr garðinum.

Eftirfarandi er stuttur lýsing á hverri gröf, tekin að mestu "hrá" úr dagbókum sem færðar voru á vettvangi meðan á neyðarrannsókninni stóð.

Listi yfir grafir 2002:

Gröf 1 – Kornabarn

Kistuleifar, gröfin um 10-15 sm á breidd og lengd um 40 sm. Kistan hefur verið með loki en engir naglar fundust. Kistan lá undir hreyfðu torfi og ruslalagi og hafði neðri hluta beinagrindar verið raskað. Bein annars mjög heilleg.

Gröf 2 – Fullorðinn

Gröfin var röskuð vegna framkvæmdanna. Það kom líka í ljós að neðri hluti grafarinnar var hreyfður, bein vinstri fótur voru ekki á sínum stað. Hægri sköflungurinn sneri beint í norður en tábein voru nálægt tábeinum vinstra fótur. Bein sem voru "in situ": Hryggjarliðir, vinstri handleggur, fingurbein og lærleggur. Handleggur vinstra megin lagðir með síðu. Höfuðbein og rifbein höfðu færst til með vélskóflunni. Kistuleifar óljósar og vottaði fyrir viðarleifum á beinum. Beinín voru vel varðveitt. Við höfuðenda voru flatir steinar og virðist sem þeir hafi verið umbúnaður um gröfina. Vegna rasks er ekki hægt að fá fullvissu fyrir því. Lengd grafarinnar virðist vera 170 sm og breidd þar sem var hægt að mæla um 40 sm. Þar sem búið var að taka svo mikið af gröfinni var ekki hægt að sjá dýpt hennar. Gröfin lág í A-V.

Gröf 3 - Fullorðinn

Röskuð. Engar kistuleifar. Lengd á gröfinni var 1,60 sm og breidd grafinnar 30-40 sm. Hendur lagðar með síðu. Höfuðkúpan að mestu horfin. Gröfin var grafin niður á forsöguleg lög og dýpt 12-15 sm frá því yfirborði sem var nú. Upphafleg dýpt óviss vegna rasks.

Gröf 4 - Fullorðinn

Beinagrind í kistu, breidd 35 sm og lengd 170 sm. Kistan hefur verið jafn breið til beggja enda. Líkið hefur verið lagt A-V með hendur yfir lífbeinin. Fótleggir samsíða. Höfuð hvílir á vinstri hlið.

Gröf 5 - Fullorðinn

Engar kistuleifar. Gröfin undir fyllingu og dýrabein í rusluginu. Líkið hefur verið lagt A-V. Gröfin hefur verið hærri við höfuðlagið. Hendur liggja yfir lífbeini og lengd grafarinnar er 1,65 m og breidd allt að 45 sm. Fótleggir lágu samsíða.

Gröf 6 - Fullorðinn

Höfuðkúpan löskuð en annars “in situ”. Líkið grafið í kistu, sennilega með kistuloki. Kistan um 30 sm á breidd en gröfin sjálf um 40 sm. Lengd grafarinnar um 165 sm. Virðist sem efri hluta líksins hafi verið snúið á hlið þannig að vinstri hliðin var hærra en sú hægri. Bein hægri handar yfir lífbeini en vinstri meira samsíða líkinu. Gröfin grafin niður í malarlag og torfblandaður jarðvegur yfir gröfinni. Höfuðið horfir í norður, lagt á hlið. Gröfin í A-V.

Gröf 7 - Fullorðinn

Höfuðkúpan sködduð vegna framkvæmda; sennilega hefur höfuðið legið hærra, því annað hafði ekki raskast í gröfinni. Lengd grafarinnar um 160-170 sm. Hendur í skauti/yfir lífbeini. Höfuðið fallið aftur. Kistuleifar, breidd grafarinnar um 40 sm, en kista um 35 sm þar sem hægt var að greina hana. Grafið niður í malarlag. Líkið grafið í stefnuna A-V og fætur samsíða. Óvissa um lengd.

Gröf 8 - Fullorðinn

Höfuðkúpan horfin vegna framkvæmda (en ekki ósennilegt að hún sé ein af þeim sem voru teknar upp áður). Beinagrindin í um 30 sm breiðri kistu, sem virðist jafnbreið að ofan og neðan. Viðurinn vel varðveittur, breidd borðanna um 10 sm. Hendur lagðar með síðu, fætur samsíða. Lengd grafar um 160-170 sm. Óvissa um nákvæma lengd vegna jarðrasks.

Gröf 9 - Fullorðinn

Gröfin var röskuð af vélgröfu, en enn fremur virðist sem grafið hafi verið ofan í hana áður. Aðeins fundust sköflungsbein og kistuleifar.

Gröf 10 - Fullorðinn

Röskuð gr-f af vélgröfunni, stóð út úr prófílum (sniðinu).

Gröf 11 - Fullorðinn

Lengsta gröfin ásamt gröf 21 (sennilega yngri gröf en 28).

Gröf 12 – Fullorðinn

Textill fannst. Mjög vel varðveitt kista, borð um 15 sm á breidd. Lengd á gröf 180 sm, mesta breidd um 35 sm en mjókkar til fóta þar sem hún er 25 sm. Milli lærbeina var spanskgræna. Gröfin var skemmd af vélgröfunni. Sennilega verið kistulok. Grafið niður í forsögulega mold. Höfuðkúpan sködduð (sást í prófíl).

Gröf 13 - Fullorðinn

Lengd grafar 170 sm, engin kista, breidd við herðablöð 42 sm. Hendur yfir lífbeini. Höfuð snýr örlítið til N. Beinagrindin heil. Dýpt grafar um 70 sm.

Gröf 14 - Fullorðinn

Greinileg ummerki um niðurgröft sem virtist vera gröf, en engin bein fundust eða kistuleifar.

Gröf 15 - Barn

Beinagrind barns, 10+.

Gröf 16 - Fullorðinn

Kistuleifar, en gröfin algerlega tóm fyrir utan tvær hnéskeljar.

Gröf 17 - Ungbarn

Ungbarn, ummál grafar 17x50 sm, engin merki um kistu, en gröfin lenti að hluta í uppmokstri. Snýr A-V, bein mjög vel varðveitt. Jarðvegur í gröfinni var rótað torflag. Gröfin liggur milli barnagrafa 15 og 18 í þéttri, beinni línu.

Gröf 18 - Ungbarn

Ungbarn liggur í A-V. Blandað, rótað jarðlag í uppfyllingu. Ummál grafarinnar 18x60 sm kistu. Kistan ferkantaður stokkur. Gröfin er með gröf 15 og 17 í þéttri, beinni línu.

Gröf 21 - Fullorðinn

Óvenju stór beinagrind. Höfuð lá töluvert hátt samanborið við aðra hluta beinagrindarinnar og sneri eilítið í S. Lengd grafarinnar um 2 m og breidd yfir herðablöð 60 sm og mjókkar til fóta í 40 sm. Hendur með síðu og fætur samsíða. Engar kistuleifar. Gröfin var undir tveimur barnagröfum.

Gröf 22 - Fullorðinn

Lengdin á gröf er 180 sm að hámarki og breidd rífir 30 sm. Vel varðveitt kistulok og borðin um 15 sm. Líkið hefur verið lagt á bakið með hendur yfir lífbeini. Dýpt grafar um 40 sm niður í forsöguleg jarðlög. Höfuðkúpan hefur fallið aftur á bak.

Gröf 23 – Barn

Gröf fast upp við gröf 10, sem hafði verið raskað af vélgröfunni.

Gröf 24 – Ungbarn

Kornabarn í gröf undir gröf 15. Beinagrindin liggjandi á bakinu. Við höfuðið hægra megin dálítill flatur steinn reistur á rönd og vinstra megin nokkrir smásteinar, eins og til að skýla líki barnsins fyrir moldinni.

Gröf 26 – Ungbarn

Þétt við 24 og undir 15 fundust bein kornabarns. Það hafði ekki verið grafið í kistu.

Gröf 27 – Ungbarn**Gröf 28 – Fullorðinn**

Gröfin röskuð þar sem gröf 11 hafði verið tekin ofan í hana.

29 – Fullorðinn**Gröf 30 – Barn**

Barnsgröf með frekar illa förnum beinum. Kistuleifar og naglar. Lengd grafarinnar um 70-80 sm, breidd um 20-30 sm. Liggur þétt við gröf 31 og 32.

Gröf 31 – Barn**Gröf 32 – Barn****Gröf 33 – Fullorðinn**

Rannsókn 2003

Fyrstu ritheimildir sem nefna Keldudal eru frá 13. öld en þá var jörðin í eigu Reynisstaðaklausturs. Heimildir geta ekki heldur kirkju eða kirkjugarðs og engar þekktar sögusagnir eru til um slíkt. Aðeins tvö örnefni í landareigninni eru tengd kirkjusókn og er þar líklega um að ræða tengsl við sóknarkirkjuna á Ríp. Hinsvegar hafa komið í ljós bæði á síðastliðnu sem og þessu ári leifar um greftrun bæði í heiðnum og kristnum sið.

Kumlateigur

Þegar bændur í Keldudal voru við jarðvinnslu í túnum nyrst í landareign sinni snemma í júní 2003 tóku þeir eftir mannabeinum í uppgreftinum. Sérfræðingar frá Hólarannsókninni og Byggðasafni Skagfirðinga rannsökuðu staðinn. Fundist hafði höfuðkúpa konu auk nokkurra illa farinna mannabeina annarra. Við nánari athugun á svæðinu kom í ljós að þarna var um að ræða a.m.k. þrjú ef ekki fjögur kuml. Kumlin eru í um 500 m fjarlægð frá bæjarstæðinu og grafreitnum í Keldudal.



Mynd 2. Kuml númer fjögur.

Mannabein í kumlunum voru öll mjög úr stað færð og í tveimur þeirra fundust einungis örfá bein. Einnig voru þar bein úr hundum og hestum auk perla og beinþrjóns í víkingaaldastíl. Ekki virðist sem greftrun hafi farið fram á sama stað í heiðni og kristni en vera kann að skortur á mannabeinum í kumlunum bendi til að beinin hafi verið flutt úr kumlateignum í hinn kristna grafreit, sem vikið verður að hér á eftir. Kolefnisgreiningar (C-14) á beinunum í kirkjugarðinum kunna að gefa til kynna hvort um beinaflutning sé að ræða.

Kirkjugarður

Ljóst var að lokinni neyðarrannsókninni haustið 2002 að einungis hluti kirkjugarðsins hafði verið grafinn. Þar sem áætlað var að framkvæmdum við lóðina umhverfis sumarhúsið yrði fram haldið sumarið 2003 var afraðið að ljúka við að rannsaka það sem eftir var af kirkjugarðinum. Sótt var um styrk til verksins og fékkst ein milljón króna frá menntamálaráðuneytinu. Verkið var unnið fyrir Fornleifavernd ríkisins af sérfræðingum frá Byggðasafni Skagfirðinga og Hólarannsókninni. Tilgangur rannsóknarinnar var í meginatriðum að bjarga því sem eftir kynni að vera af minjum á því svæði sem kirkjugarðurinn tók til og var í mestri hættu vegna framkvæmda.. Mikilvægar spurningar, sem vonast var til að hægt yrði að svara, voru nákvæmari aldursgreining á garðinum, nánari upplýsingar um fjölda og aldursamsetningu hinna greftruðu, hvort og hversu heillegar leifar kirkju og/eða smiðju væri að finna í garðinum.

Nemar, sem sóttu vettvangsskóla í fornleifafræði á Hólum, sigtuðu nokkurn hluta uppmoksturs við gerð húsgrunnsins haustið áður. Nokkrir hlutar úr höfuðkúpum auk annarra beina fundust við sigtunina. Sjálfur uppgröfturinn hófst 14. júlí og lauk þann 15. ágúst, tveimur vikum seinna en áætlað hafði verið. Að jafnaði unnu sjö manns við uppgröftinn.

Kirkjugarðsveggur



Mynd 3. Kirkjugarðsveggur og grjóthleðsla í honum.

Uppgröfturinn hófst á því að möl var hreinsuð, sem lögð hafði verið yfir uppgraftarsvæðið. Mikið var af rótuðu torfi efst undir grasrót. Fljótlega kom þó í ljós að enn voru eftir mjög greinilegar leifar hringlaga kirkjugarðsveggjar, mun heillegri og afmarkaðri en rannsakendur höfðu þorað að vona. Leifar torfveggjar voru sýnilegar við rannsóknina 2002 en ekki nógu greinilegar og heillegar til að hægt væri að áætla stærð eða lögun garðsins. Tilvist kirkjugarðsveggjarins gerði það kleift að afmarka rannsóknarsvæði sumarsins mjög

nákvæmlega. Garðurinn hefur verið nálega hringlaga, um 15x15 m að þvermáli. Hann hefur verið hlaðinn úr strengjatorfi neðst en einföld grjótröð afmarkað ytri brún hans neðantil. Í strengjatorfinu er greinileg gjóska sem rakin er til goss í Vatnajökli frá árinu 1000 auk svokallaðrar Landnámsgjósku. Efst í garðinum er svo mjög greinilegt torf í hnausum sem í er nokkuð af ljósri gjósku úr Heklugosi frá 1104. Þetta bendir til að garðurinn hafi verið hlaðinn fyrst á 11. öld en endurbættur snemma á þeirri tólftu. Mjög greinilegt gjóskulag frá 1300 þekur svo svæðið allt. Undir því er nokkurra sentímetra lag af jarðvegi sem bendir til að garðurinn hafi verið farinn úr notkun nokkru fyrir þann tíma.

Grafir

Nítján grafir alls voru grafnar upp. Í einni grafanna voru tvö ungbörn og tvær grafir voru tómar þannig að heildarfjöldi einstaklinga var 18.

	Fjöldi einstaklinga	% af fjölda einstaklinga	Fjöldi grafa	% af fjölda grafa
Ungbörn 0-1 árs	9	50	8	42
Börn 1-12 ára	4	22	4	21
Unglingar 12-18 ára	0	0	0	0
Fullorðnir 18+	5	28	5	26
Tómar grafir			2	11
Samtals	18	100	19	100

Tafla 1. Aldursdreifing í kirkjugarðinum

Nánari úrvinnslu rannsóknargagna frá neyðarrannsókninni 2002 er þörf til að hægt sé gera nákvæma greiningu á aldersdreifingu grafarbúa en í fljótu bragði virðast um 60% hafa verið fullorðnir (18+) en um 40% ungbörn og börn. Í töflunni hér að ofan er heildarfjöldi ungbarna og barna 63% en heildarfjöldi fullorðinna 37%, þegar með eru taldar tvær grafir fullorðinna sem




Mynd 4. Margar heillegar ungbarnagrafir fundust.

beinin höfðu verið fjarlægð úr. Þessi munur milli ára er best skýrður með því að börn hafi fremur verið grafin vestan- og norðanmegin kirkju og því er herra hlutfall þeirra í þeim hluta garðsins sem grafinn var sumarið 2003.

Kirkja/smiðja

Rannsóknin 2003 leiddi í ljós að leifar kirkju og/eða smiðju voru annað hvort of óverulegar eða höfðu verið fjarlægðar þegar húsgrunnurinn var tekinn. Þó kom í ljós grjóthlaðin stoðarhola sem í voru leifar timburstoðar. Neðst í holunni var flatur stoðarsteinn. Við stoðarholuna voru leifar einhvers konar timburverks sem kann að hafa tilheyrt kirkjunni hafi hún verið stafverkskirkja úr timbri eins og algengt var með elstu kirkjur. Tvær aðrar hringlaga myndanir, sem kunna hafa verið stoðarholur, voru einnig skoðaðar en engar stoðarleifar fundust í þeim. Þegar snið var tekið í þessar holur virtist sem í þeim væru torfleifar og neðst var þunnt lag af kolum. Þar sem búið var að fjarlægja með vélum jarðveginn ofan af svæðinu má vera að aðrar stoðarholur hafi horfið.

Svæðið, sem grafið var 2003, var í boga vestur fyrir núverandi ferðabíónustuhús (sjá



Mynd 5. Yfirlitsmynd af uppgrafftarsvæðinu.

Skáli

Einhverjar athyglisverðustu niðurstöður rannsóknarinnar árið 2003 var hinn óvænti fundur skálabyggingar vestast í kirkjugarðinum. Greinilegur var eystri langveggur byggingarinnar á um 12 m kafla. Veggurinn hefur verið um 2 m breiður, eingöngu úr torfi og í sniði var greinileg tvöföld hleðsla úr klömbruhnausum og hafði verið fyllt upp á milli með mold og torfusneplum. Má segja að hér sé um að ræða elstu heimildir um þessa gerð torfveggjar. Þær grafir sem vestastar voru í kirkjugarðinum hafa verið grafnar ofan í þennan vegg eða leifar hans. Húsið hefur verið byggt þvert á náttúrulega brekku sem kirkjugarðurinn liggur í og snýr það N-S. Austantil hefur byggingin verið grafin niður í brekkuna og eystri langveggur hlaðinn á náttúrulegu moldarlagi um 70 sm ofar en gólfið. Grjóthleðslur úr seti komu fram við eystri langvegg en við norðurenda skálans voru leifar tveggja eldstæða sem virðast frá tveimur mismunandi skeiðum, þar sem gólflag lá ofan á hluta stærra eldstæðisins.

Svo virðist sem byggingin hafi annað verið fallin áður en gerður var kirkjugarður á staðnum eða að húsinu hefur verið rutt um í þeim tilgangi að setja þar niður garð. Fyrri skýringin virðist líklegri. Ofan á gólflaginu var rótað torflag úr þekju sem í voru nokkrar viðarleifar. Þegar þekjan var fallin hefur myndast nokkur dæld og ofan torflagsins úr þekjunni var samfelld um 30 sm þykkt lag rauðs mýrartorfs sem greinilega hefur verið notað til að slétta svæðið þegar kirkjugarðurinn var tekinn í notkun.



Mynd 6. Séð til suðurs eftir endilöngum skálanum.

Eystri langveggur liggur undan suðurhlið kirkjugarðsveggjarins til norðurs í eina 12 metra þar sem hann beygir til vesturs og er greinilegur í sniði í vesturhlið kirkjugarðsveggjarins. Annað eldstæðið virtist einnig liggja undir kirkjugarðsvegginn og var því tekin sú ákvörðun að gera könnunarskurð út úr garðinum til vesturs. Grafinn var 2 m breiður og um 7 m langur skurður. Í honum kom fram vesturlangveggur skálans og einnig tvöföld klömbruhleðsla. Þar kom líka fram grjóthlaðinn hringur um 20 x 20 sm að þvermáli sem líklega er undan timburstöð. Leifar hennar fundust þó ekki. Að innanmáli hefur skálinn verið um 4,5 m en lengd

var ekki hægt að áætla þar sem hann liggur til suðurs út úr kirkjugarðinum og var því ekki grafinn í þessari lotu.

Aðrar byggingar

Vestast í könnunarskurðinum fundust nokkrar torfleifar undir gjóskunni frá 1104. Kann að vera að þar sé um að ræða leifar af torfvegg sem tengist þá líklega sama tímaskeiði og skálinn. Í sniði undir kirkjugarðsveggnum norðanverðum var einnig greinilegur hruninn torfveggur úr ljósu torfi með dökkum röndum, líku því sem fannst í skálanum eða sé á einhvern hátt í tengslum við hann. Þessi veggur var þó skemmdur skálaveggjunum. Vera kann að þar sé um byggingu að ræða sem tilheyrir beint af seinni tíma niðurgrefti, þannig að ekki var hægt að sjá hvernig þessi hleðsla lá.

Gripir

Fáir gripir komu í ljós við uppgröftinn 2003. Engir munir fundust í gröfunum aðrir en kistunaglar og viðarleifar. Aðrir gripir, sem fundust, voru dæmigerðir fyrir bæjarstæði frá þessum tíma. Má þar nefna snældusnúð, brýni, hnapp og mikinn fjölda dýrabeina. Óvenjulegasti gripurinn var þó hluti af klébergsgrýtu sem í voru greinilegir þræðir úr bronsi sem benda til að gert hafi verið við hana.

Frekari rannsóknir



Mynd 7. Karlmannsbeinagrind á svæði A.

Frekari beinarannsókn mun skera úr því hvort garðurinn hafi, líkt og títt var um kirkjugarða úr frumkristni, kynskiptur, þ.e. konur verið grafnar norðan kirkju, karlar sunnan. Með því að gera nákvæmari rannsókn á aldurs- og kyndreifingu innan garðs fást mikilvægar upplýsingar um greftrunarsíði og almenna lýðheilsu Kelddælinga frá fyrstu árum kristni í landinu. Einnig verður áhugavert að bera þær saman við rannsóknir á kirkjugörðum frá svipuðum tíma sem gerðar hafa verið í nágrannalöndunum.


Þar sem varðveisla beina og kista er góð í garðinum býður hann upp á ýmsar rannsóknir og úrvinnslu sem sjaldan eru mögulegar. Fáir kirkjugarðar frá elstu tíð kristni hafa verið grafnir í heild sinni, má þó nefna kirkjugarðinn á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði en þar var varðveisla beina mjög léleg. Fáar stórar beinarannsóknir hafa farið fram hér á landi. Helsta orsök þess er hversu fáar heillegar beinagrindur eru til í beinasöfnum. Fáir kirkjugarðar hafa verið grafnir sérstaklega í rannsóknartilgangi, flestar beinagrindanna hafa fundist vegna uppblásturs eða jarðrasks og varðveisla þeirra er því oft í lakara lagi. Nokkurn fjölda heillegra beinagrinda þarf til að rannsóknir geti gefið marktækar hugmyndir um lýðheilsu til forna. Auk þess gefa tilviljanakenndir og oft takmarkaðir beinafundir ekki heildstæða mynd af greftrunarsíðum, lýðfræði og heilsufari fornanna.

Niðurstöður

Uppgrefti í kirkjugarðinum í Keldudal lauk í ágúst 2003. Enn má vinna töluvert betur úr uppgräftargögnum úr báðum rannsóknunum í Keldudal. Ætlunin er að frekari úrvinnsla fari fram í vetur og mun endanleg skýrsla koma út árið 2004. Frumniðurstöður benda til að grafið hafi verið í kirkjugarðinum frá elleftu öld og fram á þá tólftu - í um 100 til 150 ár. Fimmtíu og fjórar beinagrindur hafa verið grafnar upp og reikna má með að einhver fjöldi hafi horfið við framkvæmdir á svæðinu. Alls hafa því líklega verið á milli 60 til 70 lík jarðsett í garðinum á þessu tímabili. Það bendir til að hér sé um að ræða heimagrafreit fremur en sóknarkirkju.

Þó að Keldudals sé hvergi getið í heimildum gefa hinar umfangsmiklu mannvistarleifar frá því fyrir þann tíma sem gjóskulagið féll 1104 til kynna að þar hafi verið stórbýli þegar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Hvar bæjarstæðið hefur staðið nákvæmlega þegar grafið var í kirkjugarðinum er óvíst, líklega rétt austan garðs þar sem bæjarhóllinn er sem húsgrunnurinn var grafinn í. Það virðist því sem bæjarstæðið hafi flust til en ekki er óhugsandi að skálabyggingin sem lá undir kirkjugarðinum hafi verið híbýli þeirra sem í kumlateignum lágu.

Keldudalur - kirkjugarður og skáli



Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrningsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnaua, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar** - heimildir. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði**. Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarþústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjófsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er: www.krokur.is/glaumb/

